

Ónæmisfræðideild Landspítala

Breytingar á skipulagi virkniprófa á frumuflæðisjá

Reykjavík 9. febrúar 2024

Kæri læknir

Í nóvember 2023 keypti Ónæmisfræðideildin nýja Lyric frumuflæðisjá frá Becton Dickinson. Hún býður upp á fleiri liti, er næmari og er tengd beint við svarkerfi deildarinnar (Cyberlab).

Við höfum verið að setja upp ný virknipróf eins og BAT (Basofil activation test) og T-frumuörvun þar sem við mælum hlutfall Ki-67 jákvaðra T fruma (Ki-67 er tjáð af frumum í skiptingu), í stað geislavirkni.

Til að geta boðið upp á þessi próf og fleiri í framtíðinni, þá verðum við að skipta þeim niður á vikudaga. Það er mjög mikilvægt að sjúklingum sé beint í blóðprufur, helst á LSH Hringbraut, vegna þessara rannsókna strax að morgni þeirra daga sem prófin eru framkvæmd.

Skipulagið verður eftirfarandi

Mánudagar:	Átfrumu- og Drápspróf / T-frumuörvun
Fimmtudagar:	BAT – (Basofil activation test)


T-frumuörvun er oft pöntuð á sama tíma og Átfrumu- og Drápspróf og því eru þessi próf framkvæmd á sama degi. T-frumuörvunarprófið tekur 3 daga. Hægt er að gera át, dráp og frumuörvun úr 2 ml af heparín blóði.

Það auðveldar mjög vinnuskipulagið ef haft er samband við Ónæmisfræðideildina þegar þessi próf eru pöntuð í síma: 543-5811.

Við vonum að þessar breytingar auki gæði og skilvirkni þjónustunnar og valdi ekki óþægindum. Ef þið hafið sérstakar óskir/ábendingar, vinsamlegast hafið samband við sérfræðinga ónæmisfræðideildarinnar.

Kær kveðja


Sigurveig Þóra Sigurðardóttir, yfirlæknir


Siggeir Fannar Brynjólfsson, náttúrufræðingur